

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, aukavattnsgjald og stofngjald vatnsveitu í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Borgarfjarðarsveit eða leigir slíka eign sem tengd er vatnsveitu í eigu Borgarfjarðarsveitar, ber að greiða vatnsgjald til sveitarsjóðs.

Vatnsveitur Borgarfjarðarsveitar eru í Andakíl, Bæjarsveit, á Kleppjárnsreykjum og í Reykholti.

Vatnsgjald skal innheimta árlega með fasteignagjöldum.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir, lönd og lóðir skal vera fasteignamat þeirra.

Af öllum fasteignum, löndum og lóðum sem eru gjaldskyldar, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,3% af álagningarstofni.

3. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitur Borgarfjarðarsveitar. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald vatnsveitu skal vera sem hér segir:

- A. Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og þ.h., grunngjald 122.410 kr.
- B. Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði, lögbýli o.s.fr.), grunngjald 171.373 kr.

4. gr.

Aukavattnsgjald skal innheimta v. búfjár. Gjaldið skal miðað við fjölda ærgilda og er kr. 15 á ærgildi.

5. gr.

Gjöld samkv. 3. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 (304,8 stig).

Aukavattnsgjald samkv. 4. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu neysliverðs í desember 2004 (239,0 stig).

Um gjalddaga og innheimtu vatnsgjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt og skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Aukavattnsgjald skal innheimt einu sinni á ári.

6. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vatnsgjald og stofngjald vatnsveitu samkvæmt gjaldskrá þessari eru tryggð, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar og er byggð á lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 28. desember 2004, fyrri umræða var 9. desember 2004.

Litla – Hvammi, 1. janúar 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.